



Hreinn Friðfinnsson, Kristján Guðmundsson, Sigurður Guðmundsson, Ólafur Gíslason og Gylfi Gíslason.

Kjarvalsstaðir:

SÚM 1965–1972

Yfirlitssýning á verkum SÚM-hópsins 1965–1972 verður opnuð á Kjarvalsstöðum, á morgun, laugardaginn 11. mars. Þar verða sýnd um 10 verk eftir 15 listamenn; Arnar Herbertsson, Gylfa Gíslason, Hauk Dór, Hildi Hákonardóttir, Hrein Friðfinnsson, Jón Gunnar Árnason, Kristján Guðmundsson, Magnús Tómasson, Ólaf Gíslason, Rósku, Sigurður Guðmundsson, Sigurjón Jóhannsson, Tryggva Ólafsson, Vilhjálm Bergsson og Þórð Ben Sveinsson. Við opnunina verður flutt tónverk eftir Atla Heimi Sveinsson.

Á síðastliðnum árum hefur Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir, efnt til yfirlitssýninga á íslenskrí abstraktlist og figúratífri list 1965–1985. Það þótti því vera kominn tími til að setja upp stóra yfirlitssýningu á SÚM 1965–1972.

List SÚM-hópsins á ekki að koma neinum á óvart lengur, heldur er hér á ferðinni menningarviðburður sem staðfestir gildi SÚM-hópsins í íslenskrí listasögu og gefur listnum endum tækifæri til að sjá list þeirra í stóru samhengi, segir m.a. í fréttar-

tilkynningu frá Kjarvalsstöðum.

Í tengslum við sýninguna er gefin út sýningaskrá, þar sem eru m.a. ítarlegar greinar um SÚM-hópinn eftir Ólaf Gíslason og Guðberg Bergsson auk viðtala við sjö listamenn sem tilheyru hópnum. Fjöldi ljósmynda þrýðir skrána.

Æskulýðsmessa í Langholtskirkju:

Messuskrá biskupsstofu var ekki notuð

BÆKLINGI biskupsstofu, „Við sama borð“, gefnum út í tilefni æskulýðsdags þjóðkirkjunnar, var á sunnudag ekki dreift við upphaf messu í Langholtskirkju. Séra Sigurður Haukur Guðjónsson, safnaðarprestur, sagði þá að sér þætti bæklingurinn ekki nógu vel unninn og skáldskapur í honum slakur. Því myndi hann ekki notast við hann.

„Það er margt gott gert á biskupsstofu, en þetta verk hefði mátt

Þjóðleikhúsið:

Nýtt íslenskt leikrit frumsýnt

Nýtt íslenskt leikrit verður frumsýnt í Þjóðleikhúsinu í kvöld, föstudag. Nefnist það „Haustbrúður“, og er eftir Þórunni Sigurðardóttur, en hún er einnig leikstjóri. Verkið byggir Þórunn á heimildum frá 18. öld og fjallar það um ástarsamband Appoloníu Schwarzkopf og Nielsar Fuhrmanns, amtmanns á Bessastöðum.

Um tuttugu leikarar taka þátt í sýningunni. Í aðalhlutverkum eru Jóhann Sigurðarson, sem leikur Fuhrmann, María Sigurðardóttir sem fer með hlutverk Appoloníu og

Bríet Héðinsdóttir sem leikur Katharinu Holm, ráðskonu Fuhrmanns.

Aðrir leikarar eru Guðný Ragnarsdóttir, Þórarinn Eyfjörð. Rúrik Haraldsson, Gísli Halldórsson, Jón Símon Gunnarsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Bryndís Pétursdóttir, Lilja Þórisdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Viðar Eggertsson, Þórunn Magna Magnúsdóttir, og Halldór Björnsson. Aðrir sem fram koma eru Unnur Ösp Stefánsdóttir, Eva Hrönn Guðnadóttir, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Magnús Guðmundsson, Gísli Kærnestad, Sean Bradley og Mark Reedman. Róbert



Arnfinnsson er Rödd dómara af bandi.

Tónlist við verkið er eftir Jón Nordal, leikmynd og búningar eru eftir Karl Aspelund og lýsingu hannar Björn Bergsteinn Guðmundsson.

Ólafur Ragnar Grímsson í Moskvu:

Ræðir frekari viðskipti með ullarvörur og fisk

ÓLAFUR Ragnar Grímsson fjármálaráðherra er nú staddur í

Sovétríkjunum, þar sem hann ræðir við forystumenn í fjármálaráðuneyti Sovétríkjanna og efnahagsstofnunum Sovétríkjanna um nýskipan í efnahagslífi Sovétríkjanna, eins og greint var frá í blaðinu í gær. Fjármálaráðherra er í Moskvu á vegum Parliamentarians Global Action, alþjóðlegu þingmannasamtakanna sem hann veitir formennsku.

„Fulltrúar þessara samtaka eru í Moskvu til þess að ræða við Sovétmenn um afvopnarmál, og eru þar á eigin vegum,“ sagði Jón Baldvin Hannibalsson, utanríkisráðherra í samtali við Morgunblaðið er hann var spurður hvort fjármálaráðherra hefði farið þessa för á vegum ríkisstjórnarinnar.

Utanríkisráðherra sagði að fjármálaráðherra hefði jafnframt verið boðið til Ráðstjórnarríkjanna til

þess að kynna sér þær breytingar á efnahagskerfi Sovétmanna, „frá miðstjórnarkommúnisma í átt til markaðskerfis.“

Utanríkisráðherra, sem jafnframt fer með utanríkisviðskipti var spurður hvort viðræður fjármálaráðherra við Sovétmenn um viðskipti landanna, væru þar með í hans umboði: „Allir ráðamenn íslenskir sem koma til Sovétríkjanna, ræða að sjálfsögðu viðskipti landanna. Ég lét taka saman sérstaka greinargerð um stöðu viðskiptamála og gaf honum upplýsingar um stöðu þeirra, þannig að þessar viðræður fara fram í samráði og samvinnu við utanríkisráðherra,“ sagði Jón Baldvin Hannibalsson, og bætti því við að fjármálaráðherra myndi einkum ræða frekari viðskipti við Sovétmenn með ullarafurðir og freðfisk.

Borgardómur:

Stjórnarmenn Hafskips sýknaðir af kröfum protabúsins

BORGARDÓMUR Reykjavíkur hefur sýknað ýmsa fyrrum stjórnarmenn og framkvæmdastjóra Hafskips h/f, 16 aðila, af kröfum protabús félagsins um að þeim verði sameiginlega gert að greiða búinu rúmlega 5 milljónir króna auk vaxta. Protabúið taldi að hluti þessarar upphæðar hefði tapast vegna þess að grunnvísitala skuldabréfa, sem tekin voru sem greiðsla fyrir hlutfjárukningu á árinu 1985, hefði verið miðuð við undirritunardag hvers skuldabréfs í stað þess að í öllum tilfellum hefði verið miðuð við lánskjaravísitölu febrúarmánaðar 1985 en í þeim mánuði samþykkti hluthafafundur að auka hlutfé félagsins um 80 milljónir króna.

Þar af seldist hlutfé fyrir tæplega 77 milljónir króna og var þorri þess greiddur með skuldabréfum, vísitölutryggðum en vaxtalausum til rúmlega fimm ára. Skuldabréfin voru fjölmörg og gefin út á tímabilinu febrúar-ágúst 1985. Að ákvörðun aðalbókara félagsins var grunnvísitala hvers bréfs miðuð við útgáfumánuð. Bústjórnar protabúsins töldu að þetta hefði kostað félagið rúmlega tvær milljónir króna. Ágreiningur var um hvort stjórn félagsins hefði fjallað um hvernig vísitölubindingu skyldi háttáð. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félagsins höfðu hins vegar látið eigin skuldabréf, und-

irrituð í júlí, miðast við febrúarvísitölu.

Einnig töldu forsvarsmenn protabúsins að í tilkynningu stjórnar félagsins til hlutfélagaskrár um hlutfjárukninguna hefði hlutfé félagsins verið oftalið um rúmlega þrjár milljónir og þannig hafi kröfuhafar og viðskiptamenn fengið ranga mynd af stöðu félagsins. Krafist var að þeir menn sem sátu í stjórn félagsins og framkvæmdastjóri þess á þeim tíma sem hlutfjárukning var samþykkt og aukði hlutfé var tilkynnt Hlutfélagaskrá yrðu gerðir ábyrgir fyrir fyrrgreindu tjóni búisins, samtals um fimm milljónum króna, auk vaxta. Kröf-

urnar voru reist á ákvæðum hlutfélagalaga um að stjórnarmenn í hlutfélagi skuli bæta það tjón sem þeir valda félaginu af ásetningi eða gáleysi.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri mótmæltu kröfu búisins með ýmsum rökum hver fyrir sig og sameiginlega. Meðal annars töldu þeir að tilkynningu til hlutfélagaskrár hefði verið rétt. Gefin hafi verið loforð fyrir kaupum á allri hlutfjárukningunni sem geti verið gild þótt áskriftaskrá hafi ekki verið haldin. Þar sem skiptastjórn hafi ekki látið reyna á þau loforð sé ósannað að það tjón hafi orðið sem þeir héldu fram. Þá væri félaginu heimilt að eiga allt að 10% hlut í sjálfu sér og sé tekið tillit til þess megi túlka tilkynninguna þannig að allt hlutfé hafi selst. Jafnvel þótt tilkynningin væri röng hafi ekki verið sýnt fram á að neitt tjón hafi orðið af þeim sökum. Einnig töldu stefndu að ábyrgð stjórnarmanna samkvæmt hlutfélagalögum væri ekki huglæg heldur yrði að sanna sök

hvers og eins. Því færi fjarri að nokkur atvik lægju fyrir sem sakfella mætti fyrir. Þá töldu stjórnarmenn að þar sem hluthafafundur hefði ekki ákveðið vísitölumiðun hefði verið eðlilegast að miða við útgáfudag skuldabréfs enda hafi greiðslur fyrir hlutfé sem inntar voru af hendi með öðrum hætti en með skuldabréfi ekki verið vísitölutryggðar.

Í niðurstöðum dómarsins, Friðgeirs Björnssonar yfirborgardómara, segir að það að stjórn félagsins hafi hvorki sjálf tekið ákvörðun um vísitölu bréfa né borið það mál undir hluthafafundur verði ekki metið stjórnarmönnum til þeirrar sakar að skaðabótaskylda varði enda sé óvíst nema sú leið sem farin var hefði verið valin ef um hefði verið fjallað. Þá féllst dómari á með stefndu að skuldabréfin hafi aðeins verið einn margra greiðslumöguleika sem vól hafi verið á og mismunandi vísitala þeirra brjóti því ekki gegn ákvæðum hlutfélagalaga. Þá segir að það að takast mætti að auka hlutfé hafi haft mikla þýð-

ingu fyrir bágan fjárhag félagsins. Með vaxtaleysi skuldabréfa og vísitölu miðuð við útgáfudag hafi verið greitt fyrir sölu hlutfjár. Dómari taldi að varðandi útgáfu skuldabréfanna hefðu stefndu ekki sýnt af sér háttsemi sem metin verði þeim til sakar og því væru ekki skilyrði til að gera þá skaðabótaskylda. Þá segir að ekki hafi verið sannað að félagið hafi beðið tjón af þessari vísitölutryggingu enda hafi ekki verið sýnt fram á að hlutfabréf fyrir sama nafnverð hefði selst á lakari greiðslukjörum.

Um tilkynningu um hlutfjárukningunug taldi dómari að stjórnarmenn hefðu ekki nægilega rækið gengið úr skugga um að rétt fjárhæð hlutfjár væri þar tilgreind. Ekki skipti máli heimild félagsins til að eiga 10% í sjálfu sér enda hafi ekki verið ákveðið að sú heimild yrði nýtt. Þá hafi stjórnin ekki leiðrétt fyrri yfirlýsingu þegar ljóst var hlutfjárútbóðið hefði ekki tekist með þeim hætti sem fyrr hafði verið frágreint og verði það metið þeim til gáleysis skv 132. grein hlutfélagalaga. Hins vegar hafi stefndu ekki sýnt fram á að það að hlutfé var minna en tilkynnt var hafi valdið tjóni, sem hefði orðið ef félagið eða einstakir viðskiptamenn þess hefði tapað fé með einhverjum hætti vegna tilkynningarinnar. Því voru stefndu einnig sýknaðir af kröfum vegna þessa.

Hver aðilanna var látinn bera sinn kostnað af rekstri málsins.